



## LOKAÐ MEÐ BÓKUN

Málnr.: **M-02112/AIG-17**

Dags: **22. október 2012**

Staður: **Reykjahlíðarflugvöllur**

Lýsing: **Hafnaði utan flugbrautar í landingu**

Eftir um það bil tveggja klukkustunda flug á flugvél TF-KOZ (Bellanca 7GCBC) í einkaflugi var flugmaður ásamt einum farþega að lenda á flugbraut 20 á Reykjahlíðarflugvelli. Skömmu eftir landingu sveigði flugvélin til vinstri, út af flugbrautinni og fram af brún sem er um það bil 20 metra frá flugbrautinni. Flugvélin hafnaði á grýttum jarðvegi um það bil sex metrum neðar en yfirborð flugbrautarinnar. Flugmann og farþega sakaði ekki en flugvélin skemmdist töluvert.



Rannsóknarnefnd samgönguslysa lokaði málinu með bókun þann 23. maí 2014.